

20. fundur Samfélagsnefndar 3.des haldinn í Végarði
Fundur settur kl 09:00

Mættir voru: Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann Frímann Þórhallsson og Gunnar Gunnarsson.

Fundardagsskrá:

1. Ásdís Helga kynnir samantekt úr skýrslu samfélagsþingsins
2. Önnur mál

-
1. Ádís Helga kynnti samantekt sem að hún hefur gert út frá niðurstöðum samfélagsþingsins í vor, þar sem sett eru fram fjögur starfsmarkmið ásamt verkefnalista undir hverju þeirra. Í framhaldi verður rætt við sveitarstjórn og haldnir íbúafundir til nánari útfærslu á verkefnunum og forgangsöröðun.

Starfsmarkmiðin eru fjögur

1. Skapandi og samheldinn mannauður
2. Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda
3. Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir
4. Einstök náttúra og saga

Samþykkt að verkefnaáætlun og reglur um verkefnasjóð verði tilbúin fyrir 1. febrúar

2. Önnur mál

- Fundir áætlaðir 2020

Samfélagsnefnd kemur saman síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

30. janúar

27. febrúar

27. mars

30. apríl

28. maí

Aðrir fundir

5. des er boðaður fundur sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun og ýmis verkefni henni tengdri.

4.janúar íbúafundur með starfsmarkmiðum 1 og 3

11. janúar íbúafundur með starfsmarkmiðum 2 og 4

- Ákveðið var að bæta varamönnum samfélagsnefndar inn á Facebooksíðu nefndarinnar.
- Rætt var um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og forgangsöröðun samfélagsverkefna. Ákveðið var að óska eftir fundi með sveitarstjórna áður en lokaumræða um fjárhagsáætlun verður tekin fyrir. Verkefnastjóri sendi strax beiðni um fundinn. Samþykkt að formaður og verkefnastjóri fari á þann fund ef vel verður tekið í óskina en áætlað er að fundur verði í sveitarstjórn 10. desember.

- Formanni og verkefnastjóra falið að taka þátt í íbúafundinum 5. desember og rýna verkefnalistann samhlíða. Í framhaldi leggja fram verkefnatillögur til umræðu við sveitarstjórn. Þau munu einnig fara yfir starfsmarmiðin 3 og þau verkefni sem tengjast að sveitastjórn.

Fundi slitið kl. 10:30.

Ásdís Helga kynnti í framhaldi fundarins verkefnið Fögur Framtíð í Fljótsdal fyrir stjórn SSA og svaraði fyrirspurnum ásamt fulltrúum samfélagsnefndar.

Fundargerð ritaði Þórhallur Jóhannsson í tölvu